

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 21. nóvember 2006 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að gert er ráð fyrir sjóvarnargarði meðfram Herjólfsgötu ásamt göngustíg. Sýnd eru bílastæði við Fiskaklett með afkeyrslu frá Herjólfstraum. Gert er ráð fyrir niðurrifi bústaðar við Eyrarhraun, lóðamörk aflögð og lóðin verði hluti af útivistarsvæði bæjarins. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 28. desember 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2008